

Ársskýrsla 2008



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsemi og skipulag	4
Umsýsla og rekstur opinberra samkeppnissjóða	5
Alþjóðastarf	14
Mælingar og greining	16
Vísinda- og tækniráð	20
Viðburðir og útgáfur	21
Ársreikningur 2008	22
Úthlutanir	37

Inngangur

Íslenskt vísinda- og tæknisamfélag stendur að mörgu leyti framarlega í alþjóðlegum samanburði. Sýna má fram á það með umfangi vísinda- og rannsóknastarfs sem hluta af þjóðarframleiðslu, velgengni íslenskra vísindamanna þegar kemur að birtingum í alþjóðlegum tímaritum, öflugum frumkvöðlastarfi og svo mætti áfram telja. Vandí vísinda- og tæknisamfélagsins er þó smæð þess samfélags en það telur um 3000 manns, sem fást við rannsóknir og þróunarstarf sem uppfyllir flestar kröfur stærri samfélaga. Þýðing alþjóðlegs samstarfs er því mikil í þessu samhengi.

Gæði og árangur eru lykilatriði í nútíma vísinda- og nýsköpunarsamfélagi. Lagður er mælikvarði á gæði og árangur þegar teknar eru ákvarðanir um úthlutanir úr samkeppnissjóðum sem Rannís rekur. Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að efla beri þátt samkeppnissjóða við útdelingu rannsóknafjár. Hér á landi er samkeppnisfé um 15% af því fé sem ríkið útteilir til rannsókna og þróunarstarfs en víða erlendis er samkeppnishluturinn mun hærrí eða allt að 40%.

Upplýsingar um niðurstöður og árangur rannsókna- og nýsköpunarverkefna eru ekki nægilega aðgengilegar almenningi. Rannís lítur á það sem hlutverk sitt að miðla upplýsingum um þessi verkefni. Til að auðvelda það er nauðsynlegt að byggja upp gagnagrunna um sem flesta þætti starfsins og gera þá aðgengilega almenningi. Rannís tók ákvörðun um að stíga mikilvægt skref í þessa átt á árinu 2008 með því að taka upp rafrænt umsóknarferli og byggja upp gagnagrunn sem nýtir upplýsingar beint úr umsóknum. Í gagnagrunninn verður einnig bætt við upplýsingum um framgang og niðurstöður verkefna.

Á tíunda áratug síðustu aldar óx umfang rannsókna hér á landi frá því að vera í slöku meðallagi í að verða meðal þess sem best gerist (3% af VLF). Á áratugnum sem er að líða hefur náðst ákveðið jafnvægi og árangur í þessum málaflokki. Það er hins vegar mikilvægt að efla árangursmat og áhrifamat af þessum rannsóknum. Rannís hyggst efla þennan þátt í starfi sínu í nánú samstarfi við stjórnvöld og viðkomandi sjóði.

Forsenda aukinna lífsgæða er öflun þekkingar og aukinn skilningur á okkur sjálfum og samfélaginu sem við búum í. Efnahagslegar framfarir byggja á nýsköpun, ekki síst þar sem rannsóknir og þróunarstarf er forsenda.

Hallgrímur Jónasson
Forstöðumaður Rannís

Starfsemi og skipulag

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) heyrir undir menntamálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Starfsemi Rannís skiptist í eftirfarandi svið:

- Rannsókn- og nýsköpunarsvið
- Alþjóðasvið
- Greiningarsvið
- Stjórnsýslusvið
- Upplýsinga- og útgáfusvið

Rannís veitir vísinda- og tæknisamfélaginu stuðning með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að kynna áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag. Rannís styður við rannsóknir, rannsóknatengt nám, tækniþróun og nýsköpun. Stofnunin er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og hefur það hlutverk að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd opinberrar vísinda- og tæknistefnu.

Starfsmenn Rannís

Aðalheiður Jónsdóttir, *sérfræðingur á alþjóðasviði*
Áslaug Holm Johnson, *móttaka og skrifstofuhald á stjórnsýslusviði*
Elísabet Andrésdóttir, *sviðsstjóri alþjóðasviðs*
Elva Brá Aðalsteinsdóttir, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Hallgrímur Jónasson, *forstöðumaður Rannís*
Herdís Þorgrímsdóttir, *sviðsstjóri stjórnsýslusviðs*
Katrín Valgeirsdóttir, *sérfræðingur á alþjóðasviði*
Kristín Ingvarsdóttir, *sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Lýður Skúli Erlendsson, *sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Magnús Lyngdal Magnússon, *fagstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Páll Vilhjálmsson, *sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs*
Ragnhildur I. Guðmundsdóttir, *skrifstofuhald*
Sigurður Björnsson, *fagstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Sóley Gréta Sveinsdóttir Morthens, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Svandís Sigvaldadóttir, *skrifstofuhald*
Þorsteinn Brynjar Björnsson, *sérfræðingur á alþjóðasviði*
Þorvaldur Finnbjörnsson, *sviðsstjóri greiningarsviðs*

Starfsmenn sem luku störfum á árinu

Anna Kristín Daniélsdóttir, *deildarsérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Ásdís Jónsdóttir, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Eiríkur Smári Sigurðarson, *sviðsstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Hans Kristján Guðmundsson, *forstöðumaður*
Hugrún Ýr Helgadóttir, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Kristín Hjartadóttir, *skrifstofuhald*
Oddný Sverrisdóttir, *sérfræðingur á greiningarsviði*
Oddur Már Gunnarsson, *deildarstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Rikke Pedersen, *sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði*
Snæbjörn Kristjánsson, *yfirverkfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði*

Umsýsla og rekstur opinberra samkeppnissjóða

Flestir þeirra opinberu samkeppnissjóða sem styðja íslenskar rannsóknir og tækniþróun voru í vörslu Rannís árið 2008.

Sjóðir sem heyra undir menntamálaráðherra:

- Rannsóknasjóður
- Tækjasjóður
- Rannsóknarnámssjóður
- Markáætlun á sviði erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni
- Markáætlun um öndvegissetur og klasa
- Nýsköpunarsjóður námsmanna
- Launasjóður fræðiritahöfunda

Sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra:

- Tækniþróunarsjóður

Aðrir sjóðir í umsýslu Rannís:

- Rannsóknastyrkir Bjarna Benediktssonar
- Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar
- Styrktarsjóður Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur
- Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar

Hver þessara sjóða hefur ákveðið hlutverk í hinu opinbera stuðningskerfi og fara sérstakar sjóðstjórnir með ákvörðunarvald til úthlutunar styrkja. Allir sjóðirnir veita tímabundinn verkefnastuðning til allt að þriggja ára nema Tækjasjóður sem veitir styrki til tækjakaupa rannsóknastofnana. Þar sem verksvið sjóðanna skarast er haft samráð eins og kostur er til þess að auka samfellu í starfi þeirra. Samstarf er enn fremur við aðra opinbera samkeppnissjóði svo sem AVS-sjóðinn og Framleiðnisjóð landbúnaðarins í sama tilgangi.

Rannís sér um rekstur sjóðanna, á samskipti við umsækjendur og styrkþega, skipuleggur og sér um matsferli, samningagerð og eftirfylgni verkefna er hljóta stuðning. Allir sjóðirnir veita stuðning að undangengnu faglegu mati samkvæmt fyrirfram gefnum mælikvörðum á gæði verkefna. Hjá Rannsóknasjóði, Tækniþróunarsjóði og markáætlun er matið í höndum fagraða sem leita einnig til ytri matsmanna. Aðrar sjóðstjórnir leita til ytri matsmanna eftir þörfum. Þannig komu, auk stjórnarmanna, tugir fagraðsfulltrúa og hundruð ytri matsmanna að faglegri umfjöllun umsókna. Þetta matsferli er grundvöllur úthlutana í samkeppni.

Sjóðir í umsýslu Rannís árið 2008

Fjöldi styrkja (nýir styrkir og framhaldsstyrkir) og úthlutun í krónum árið 2008

Sjóður	Fjöldi styrkja	Fjárhæð styrkja í kr.	Gjöld samtals í kr.
Rannsóknasjóður	174	651.090.000	666.427.933
Tækniþróunarsjóður	84	600.500.000	595.071.018
Tækjasjóður	72	201.535.000	176.683.237
Rannsóknarnámssjóður	25	103.550.000	95.970.465
Launasjóður fræðiritahöfunda	10	20.400.000	21.233.169
Nýsköpunarsjóður námsmanna	79	28.730.000	32.200.000
Markáætlun um öndvegissetur og klasa	3	160.000.000	67.725.420
Samtals		1.765.805.000	1.655.311.242

Í viðauka er að finna lista yfir úthlutanir sjóðanna á árinu.

Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Með hugtakinu vísindarannsóknir er átt við allar tegundir rannsókna, bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknaverkefna.

Eftirfarandi atriði vega þungt samkvæmt almennti stefnu Vísinda- og tækniráðs:

- Að verkefnið stuðli að uppbyggingu á vísindalegri og tæknilegri þekkingu
- Að verkefnið miði að vel skilgreindum ávinningi fyrir íslenskt samfélag eða atvinnulíf
- Að verkefnið stuðli að myndun rannsóknahópa og þekkingarklasa og aukinni samvinnu milli háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja
- Að verkefnið feli í sér þjálfun ungra vísinda- og tæknimanna
- Að verkefnið stuðli að alþjóðlegri sóknargetu íslenskra vísindamanna og aukinni þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda

Rannsóknasjóður veitir þrenns konar styrki:

- Öndvegisstyrki
- Verkefnisstyrki
- Rannsóknastöðustyrki

Styrkirnir eru veittir til allt að þriggja ára í senn. Að auki veitir sjóðurinn nokkra smærri styrki:

- Forverkefnisstyrki
- Einkaleyfastyrki
- Kynningarstyrki
- Alþjóðasóknarstyrki

Stjórn Rannsóknasjóðs úthlutaði tæplega 300 milljónum króna fyrir styrkarið 2008 í þrjár styrktegundir: öndvegisstyrki, rannsóknastöðustyrki og verkefnastyrki. Umsóknarfrestur var 1. október 2007 og lá úthlutun fyrir í lok janúar 2008.

Alls bárust 17 umsóknir um öndvegisstyrki og voru 4 þeirra styrktar; 20 umsóknir bárust um rannsóknastöðustyrki og voru 7 þeirra styrktar; 204 umsóknir bárust um verkefnastyrki og voru

60 þeirra styrktar. Alls barst því 241 umsókn og var 71 styrkt, eða rétt innan við þriðjungur. Ennfremur bárust 14 umsóknir um forverkefnis-, kynningar og einkaleyfisstyrki og voru 10 þeirra styrktar.


Framleiðnisjóður landbúnaðarins tók þátt í fjármögnun þriggja nýrra verkefna og nam framlagið 3,5 milljónum króna.

Stjórn Rannsóknasjóðs úthlutaði jafnframt einni milljón króna úr styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Að þessu sinni kom styrkurinn í hlut Eiríks Steingrímssonar við Háskóla Íslands fyrir verkefnið Er Mitf geninu stjórnað af microRNA sameindum? Sjóðurinn var stofnaður 1985 til að efla rannsóknir í meinafræði manna og dýra.


Rannsóknasjóður 2008 - nýjar umsóknir og styrkir

Styrkttegund	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall m.v. fjölda usókna
Öndvegisstyrkir	17	4	195.710	52.850	23,5%
Verkefna- og rannsóknarstöðustyrkir	224	67	754.803	247.012	29,9%
Forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkir	14	10	7.773	5.000	71,4%
Alls	255	81	958.286	304.861	31,8%

Rannsóknasjóður 2008 Hlutfallsleg skipting styrkja á stofnanir eftir verkefnisstjóra



Rannsóknasjóður 2008 Skipting á fræðasvið miðað við fjölda verkefna (allar styrkttegundir)



Tækjasjóður

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma og fer stjórn Rannsóknasjóðs jafnframt með stjórn Tækjasjóðs.


Tvær úthlutanir voru úr Tækjasjóði árið 2008. Þann 19. janúar úthlutaði stjórn Tækjasjóðs 18 styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 54 umsóknir og var sótt um 227 milljónir króna. Þann 27. mars úthlutaði stjórn Tækjasjóðs 36 styrkjum til tækjakaupa. Alls bárust 54 umsóknir og var sótt um 227 milljónir króna.

Töflu með nöfnum umsækjenda og upphæðum styrkja má finna aftast í viðauka.

Tækniþróunarsjóður

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í atvinnulífi. Sjóðurinn heyrir undir iðnaðarráðherra og eru tekjur hans framlag úr ríkissjóði, sem var 600 milljónir árið 2008. Frá stofnun sjóðsins árið 2004 hefur framlag ríkissjóðs vaxið úr 200 milljónum. Á þessu tímabili hefur sjóðurinn úthlutað rúmum 2 milljörðum í styrki.

Framlag til Tækniþróunarsjóðs af fjárlögum



Stjórn Tækniþróunarsjóðs er skipuð sjö einstaklingum sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar til tveggja ára í senn.

Hlutverk sjóðsins er að styðja rannsóknir og tækniþróun sem stuðlar að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Tækniþróunarsjóður hefur heimild til að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs með því að:

- Styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki
- Styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar
- fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstaka greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra
- Styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi þrátt fyrir áhættu í upphafi
- Kosta greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni


Nýjar umsóknir í sjóðinn voru 91 árið 2008 upp á tæpar 800 milljónir. Þá voru umsóknir um framhaldsstyrki samtals 260 milljónir, en sjóðurinn veitir styrki til verkefna í allt að 3 ár. Nærri 60% úthlutunar ársins er til nýrra verkefna og forverkefna.

Tækniþróunarsjóður 2008

Styrkir	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Hlutfall m.v. fjölda umsókna
Nýjar umsóknir	90	42	797.739	336.250	47%
Framhaldsumsóknir frá 2006	9	9	82.200	79.000	100%
Framhaldsumsóknir frá 2007	23	23	177.643	176.400	100%
Forverkefnisumsóknir	17	10	16.138	8.850	59%
Samtals	139	84	1.073.720	600.500	60%

Styrkir skiptast þannig milli atvinnugreina að hugbúnaður og heilbrigðisgeiri eru með um fjórðung hvor, efnaiðnaður (þ.m.t. líftækni) og matvælaíðnaður um fimmting hvor og tíundi hluti skiptist á aðrar atvinnugreinar. Af þeim sem hljóta styrk á árinu 2008 eru fyrirtæki í forsvari rúmlega 66% verkefna, rannsóknastofnanir um 20% og loks háskólar með 10%. Þessi skipting hefur verið nokkuð svipuð öll fimm árin sem sjóðurinn hefur starfað.

Skipting styrkja Tækniþróunarsjóðs á atvinnuflokka



Markáætlun um öndvegissetur og klasa 2009 – 2015

Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá desember 2007 er fjallað um helstu áskoranir sem blasa við íslensku þekkingarsamfélagi. Bent er á svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi.

Á árinu auglýsti Vísinda- og tækniráð eftir umsóknum að öndvegissetrum eða rannsóknaklösum og skyldi úthlutað allt að 160 milljónum á ári til 7 ára. Auglýst var eftir umsóknum á tveimur þrepum. Á fyrsta þrepi var boðið að leggja fram hugmyndir að öndvegissetrum eða rannsóknaklösum og bárust alls 82 hugmyndir. Starfshópur á vegum Vísinda- og tækniráðs valdi tíu hugmyndir

og var forsvarsmönnum þeirra verkefna boðið að senda inn fullbúna umsókn á síðara þrepi. Gerð var krafa til þeirra tíu hugmynda sem hlutu framgang um víðtækt samstarf fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana bæði innanlands og út fyrir landsteinana.

Eftirfarandi tíu hugmyndir hlutu framgang:

- Markvís-öndvegissetur. Forsvarismaður: Jón Torfi Jónasson, Háskóla Íslands.
- Rannsóknarsetur vitvéla. Forsvarismaður: Kristinn R. Þórisson, Háskólanum í Reykjavík.
- Prentsmiðja fólksins. Handrita- og bókmenning síðari alda 1600-1900. Forsvarismaður: Viðar Hreinsson, ReykjavíkurAkademíunni.
- Næring í nýsköpun. Forsvarismaður: Kristinn Andersen, Marel.
- Lífvirk efni á láði og legi. Forsvarismaður: Jóna Freysdóttir, Landspítalanum.
- Rannsóknaklasi í jarðhita. Forsvarismaður: Sigurður Magnús Garðarsson, Háskóla Íslands.
- Öndvegissetur í fiskeldi 2009-2015 – sjálfbær nýting auðlinda lands og sjávar. Forsvarismaður: Helgi Thorarensen, Háskólanum á Hólum.
- Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á náttúru og samfélag. Forsvarismaður: Árni Snorrason, Vatnamælingum.
- Forskot með fjölbreytileika – öndvegisklasi í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum. Forsvarismaður: Irma Erlingsdóttir, Háskóla Íslands.
- Upplifun og lífsgæði á mörkum byggða og óbyggða. Forsvarismaður: Ása Richardsdóttir.

Á síðara þrepi voru allar umsóknir metnar af a.m.k. þremur erlendum sérfræðingum auk þess sem sérstakt fagráð skipað meðlimum fagráða Rannsóknasjóðs og Tæknipróunarsjóðs fjölluðu um umsóknirnar. Þá fól menntamálaráðherra stjórn Rannsóknasjóðs að ganga formlega frá úthlutun og var úthlutunin þessi:

Heiti verkefnis	Verkefnisstjóri	Styrkur til sjö ára
<i>Alþjóðlegur rannsóknaklasi í jarðhita</i>	<i>Sigurður M. Garðarsson</i>	<i>70 millj. kr.</i>
<i>Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum</i>	<i>Irma Erlingsdóttir</i>	<i>35 millj. kr.</i>
<i>Vitvélasetur Íslands</i>	<i>Kristinn R. Þórisson</i>	<i>55 millj. kr.</i>

Launasjóður fræðiritahöfunda

Meginhlutverk sjóðsins er að auðvelda samningu bóka og verka á stafrænu formi til eflingar íslenskrri menningu. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku á ýmsu formi.

Stjórn sjóðsins er skipuð af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af Rannsóknamiðstöð Íslands og annar fulltrúi er tilnefndur af Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna. Formaður er skipaður án tilnefningar.

Stjórnin úthlutar starfslaunum úr sjóðnum árlega. Starfslaun eru veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Þeir sem hljóta starfslaun skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur.

Alls bárust 55 umsóknir um styrk og fengu 10 fræðimenn úthlutað 2,04 milljón króna hver.

Rannsóknastyrkir Bjarna Benediktssonar til lögfræði- og sagnfræðirannsókna

Auglýst var eftir umsóknum um Rannsóknarstyrki Bjarna Benediktssonar á sviði lögfræði og sagnfræði og voru 6 styrkir í boði árið 2008. Styrkveitingar byggðu á faglegu mati á gæðum rannsóknaverkefni, færni og reynslu umsækjanda til að stunda rannsóknir og aðstöðu til að sinna verkefnum. Fimm verkefni fengu styrk að upphæð samtals 3,5 milljón krónur. Þrjú verkefni voru á sviði lögfræði og tvö á sviði sagnfræði.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar

Hinn 4. maí 2008 voru liðin 100 ár frá fæðingu Haraldar Sigurðssonar bókavardar en hann lést 1995. Á þeim degi tilkynnti ekkja hans, Sigrún Ástrós Sigurðardóttir kjólahönnuður, að í samræmi við erfðaskrá þeirra hjóna frá 1983 hefði verið stofnaður Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Við mat á umsóknum um styrki úr sjóðnum er vísindalegt gildi rannsóknaverkefni lagt til grundvallar.

Ekki var veitt úr Rannsóknasjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar á árinu 2008.

Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar

Markmið Minningarsjóðs Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar er að styrkja stúdenta með góða námshæfileika sem einkum leggja stund á verkfræði og raunvísindanám. Að öllu jöfnu ganga nemendur í doktorsnámi fyrir styrkveitingu.

Ekki var veitt úr Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar á árinu 2008. Markáætlun á sviði erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni 2005 - 2010

Árið 2005 var ýtt úr vör nýrri markáætlun sem ber heitið Erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni. Ákvörðunin um viðfangsefni þessarar nýju áætlunar var byggð á mati starfsnefnda Vísinda- og tækniráðs á tillögum frá vísindasamfélagi og atvinnulífi um nýjar markáætlanir, en auglýst var eftir tillögum haustið 2004. Áætlunin var undirbúin sameiginlega af vísindanefnd og tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Markáætlunin var skipulögð í tveimur lotum og náði fyrri lotan til tveggja fyrstu áranna. Úthlutað var úr áætluninni árið 2005 og aftur 2007 til þriggja ára.

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms við háskóla eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki, hvort tveggja í námi á Íslandi og erlendis. Sjóðurinn var stofnaður 1993 og á hann sér nú grundvöll í lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms á grundvelli reglna sem menntamálaráðherra setur (nr. 16/2008).


Rannsóknarnámssjóður veitir tvenns konar styrki, almenna styrki og FS-styrki (fyrirtækja- og stofnanastyrki), til framfærslu nemenda í rannsóknatengdu framhaldsnámi og skal tilhögun

Þess uppfylla viðmið um æðri menntun og prófgráður, sem menntamálaráðuneytið gefur út, en fer að öðru leyti eftir lögum um háskóla nr. 63/2006, eftir almennum reglum háskóla og reglum einstakra deilda.

Umsóknafrestur var í mars og lá úthlutun fyrir í júní. Fyrir styrkárið 2008 bárust alls 128 umsóknir um almenna styrki, flestir þeirra til tveggja eða þriggja ára (styrktímabil 2008-2010). Stjórn sjóðsins úthlutaði að þessu sinni sex almennum styrkjum til meistaranema og fjórtán styrkjum til doktorsnema. Meistaraverkefni v 4,8 milljón kr. en doktorsverkefni fengu styrk að upphæð 94 milljón kr. Af meistaranemum eru fjórir í námi við Háskóla Íslands, einn við Háskólann í Reykjavík og einn í námi erlendis. Af doktorsnemunum eru níu í námi við Háskóla Íslands, tveir í námi við erlendan háskóla í samstarfi við Háskóla Íslands, einn við Háskólann í Reykjavík og tveir í námi erlendis. Alls var úthlutað 98,8 milljón kr. í almenna styrki fyrir árin 2008-2010.

Fyrir styrkárið 2008 bárust alls níu umsóknir um FS-styrki, bæði til meistara- og doktorsnáms. Stjórn sjóðsins ákvað að veita fimm FS-styrki að upphæð alls 4,75 milljón kr. Markmið FS-styrkja er að efla samvinnu milli stofnana, fyrirtækja og háskóla og skulu fyrirtæki og stofnanir skilgreina fyrirfram hvaða fagsvið skuli styrkja. Styrkurinn verður til við samfjármögnun fyrirtækis/stofnunar og Rannsóknarnámssjóðs.

Rannsóknarnámssjóður. Fjöldi umsókna og styrkja (almennir styrkir) frá 1993 til 2008.



Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Frá stofnun hans 1992 hefur sjóðurinn unnið sér nafn og gott orð fyrir vinnu mörg hundruð námsmanna og verkefna sem þeir hafa leyst af hendi fyrir tilstyrk sjóðsins. Rannís tók við umsýslu sjóðsins þann 8. júlí 2008 og hafði ekki umsýslu með úthlutuninni. Alls var úthlutað 28,7 milljón kr. til 79 verkefna.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru árlega veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt hefur verið af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verðlaunin voru fyrst veitt í ársbyrjun 1996 og hafa síðan verið veitt á ári hverju við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Allir þeir nemendur sem skila inn lokaskýrslu fyrir auglýstan frest koma til greina við veitingu verðlaunanna. Verðlaunin hlutu Arna Óskarsdóttir og Tinna Ósk Þórarinsdóttir fyrir verkefnið Rafskautanet fyrir fingurendurhæfi.

Fimm verkefni fengu sérstaka viðurkenningu: Gráa gullið, unnið af Sigurlaugu R. Sævarsdóttur; Pattern Finder - Greiningarforrit til munsturgreiningar, unnið af Gunnsteini Hall; ICCE - Icelandic Carbon Credit Exchange, unnið af Bergþóru Arnarsdóttur; Mælingar á þéttleikabreytingum í aftauguðum rýrum vöðvum, unnið af Guðfinnu Halldórsdóttur og Víxlflæði á súrefni milli æða í sjónhimnu manna, unnið af Agli Axfjörð Friðgeirssyni.

Alþjóðastarf

Ísland hefur um langt skeið tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi í vísindum, tækni og nýsköpun. Þetta samstarf hefur gefið íslenskum vísinda- og tæknimönnum tækifæri til menntunar, þjálfunar og samstarfs. Sérstaklega á seinni árum hafa gefist veruleg sóknarfæri til samfjármögnunar á stærri verkefnum og ber þar hæst aðild Íslands að rammaáætlunum ESB. Árangur íslenskra þátttakenda er góður, tengslanet hefur skapast sem styrkir íslenskar rannsóknir auk þess sem styrkjagreiðslur til Íslands hafa reynst hærri en aðildargjaldið sem greitt er vegna þátttöku og hefur íslensk fjárfesting í aðildargjaldi þannig skapað virðisauka í íslensku vísinda- og þróunarstarfi umfram beinar fjárfestingar innanlands. Hið sama má segja um norrænt og annað evrópskt samstarf sem og þá möguleika sem eru á samstarfi í vesturátt og öðrum alþjóðlegum vettvangi.

SAMSTARF Á VEGUM ESB

Sjöunda rannsóknáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013

Sjöunda rammaáætlun ESB hóf göngu sína þann 1. janúar 2007 og var gengið frá þátttöku EFTA/EES landanna 16. júní 2007. Áætlunin er til sjö ára og felur í sér ýmsar breytingar svo sem aukna áhersla á grunnrannsóknir, aukið samstarf við atvinnulífið og einfaldari stjórnsýslu. Þá er haldið áfram þeirri viðleitni að koma á sjálfviljugu samstarfi milli rannsóknasjóða í aðildarlöndunum (ERA-NET verkefni/Gr. 169 verkefni).

Í lok árs 2008 höfðu íslenskir aðilar sent inn 216 umsóknir til 7. rannsóknáætlunarinnar og búið er að undirrita og/eða gefa vilyrði fyrir 55 samningum um verkefni með íslenskri þátttöku. Heildarstyrkir til þessara verkefna nema um 146.000.000 og er hlutur íslenskra aðila a.m.k. 14.000.000, en því til viðbótar bættust við styrkir til íslenskra aðila úr mannauðsáætluninni. Árangurshlutfall íslenskra umsókna er um 26% sem er með því hæsta sem gerist í Evrópu.

Rannís hefur umsjón með þátttöku Íslands í 7. rannsóknáætlun ESB um rannsóknir og þróun, m.a. með setu í stjórnarnefndum og umsjón með starfi landstengiliða auk þess sem Rannís stendur fyrir kynningarfundum og námskeiðum sem miða að því að auðvelda og auka þátttöku íslenskra aðila í rannsóknáætluninni.

Þá tekur Rannís þátt í verkefnum á vegum áætlunarinnar sem miða að því að auka íslenska þátttöku og efla samstarfið innan Evrópu. Á meðal verkefna sem Rannís átti aðild að á árinu 2008 eru:

Landstengilverkefni (NCP verkefni)

Rannís á aðild að fjölda NCP verkefna sem miða að því að auka samstarf milli landstengla innan Evrópu og stuðla þannig að aukinni þátttöku rannsóknasamfélagsins í 7. rammaáætluninni. NCP stendur fyrir National Contact Point eða landstengill.

Verkefni sem Rannís hefur tekið þátt í á árinu 2008 eru:

- Euro-Ris Net – innviðir rannsókna
- EUROSIS – vísindin í samfélaginu
- C-Energy – orka
- Cosmos – geimtækni
- TransCoSME – rannsóknir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja
- Net4Society – félags-, hag- og hugvísindi

ERA-Net

Rannís á aðild að nokkrum ERA-Netum sem fjármögnuð eru af 7. rannsóknaáætlun Evrópusambandsins. Verkefni þessi gefa tækifæri til að hafa áhrif á mótun evrópskrar vísinda- og tæknistefnu og býður upp á þátttöku í fjármögnun evrópskra rannsóknaverkefna í samstarfi við aðra umsjónaraðila rannsóknasjóða í Evrópu. Markmið ERA-Net verkefnanna er að auka samstarf evrópskra rannsóknasjóða og styðja við þróun samevrópsks rannsóknasvæðis. Rannís tekur þátt í ERA-SME (rannsóknir í þágur lítilla og meðalstórra fyrirtækja) og ERA-NanoMed (örtækni í lyfjafræði).

Enterprise Europe Network

Enterprise Europe Network er samstarfsverkefni undir stjórn Nýsköpunarmiðstöðvar með þátttöku Rannís og Útflutningsráðs Íslands. Markmið verkefnisins er að veita upplýsingar um málefni er snerta viðskipti í Evrópu og auðvelda fyrirtækjum að nýta viðskiptatækifæri sem þar bjóðast. Hlutverk Rannís í verkefninu er að upplýsa fyrirtæki um tækifæri innan 7. rannsóknaáætlunarinnar.

Evrópska rannsóknastarfatorgið

Rannís hélt áfram að aðstoða íslenskt og erlent vísindafólk við vistaskipti og búferlaflutninga innan ramma verkefnisins. Áfram var unnið að því að uppfæra upplýsingar á vefsíðunni www.euraxess.is. Nokkur fjöldi fyrirtækja og stofnana hafa notfært sér að auglýsa rannsókn- og vísindastörf alþjóðlega á Evrópska rannsóknastarfatorginu www.europa.eu.int/euraxess.

Mælingar og greining

Rannsóknavog og nýsköpunarvog Rannís voru framkvæmdar á árinu 2008. Verkefni voru unnin á sviði greiningar á stefnumiðum, þróun aðferða á mælikvörðum rannsókna og á sviði þróunar og nýsköpunar.

Rannsóknavog og nýsköpunarvog

Í samráði við Hagstofu Íslands var ákveðið að tengja saman Rannsóknavog og Nýsköpunarvog, en sú aðferð hefur ekki verið viðhöfð áður. Segja má að reynslan af þessari tilraun hafi ekki tekist sem skyldi þar sem erfiðara var að innheimta gögn frá fyrirtækjum en áður. Rannís og Hagstofan eru sammála um að leggja sem minnstar byrðar á fyrirtækin í landinu og var þessi tilraun gerð með það fyrir augum. Á árinu var undirbúið samkomulag um að Hagstofan tæki við gagnaöflun í Rannsóknarvog og nýsköpunarvog frá ársbyrjun 2009 en Rannís muni þess í stað auka þá greiningarvinnu sem byggir á gögnunum.

Rannís hefur einnig það hlutverk að leggja mat á þátt rannsókna og þróunar í fjárlögum, frumvarpi til fjárlaga og í ríkisreikningi. Þetta er aðferð sem OECD hefur lagt fram og gefur sterkar vísbendingar um rannsóknavirkni í opinbera geiranum á komandi ári, sé stuðst við frumvarp til fjárlaga.

Verkefni á vegum NordForsk

NordForsk hóf nýja tegund verkefna árinu 2007. Þetta eru svo kölluð NORIA-Net og tók greiningarsvið Rannís þátt í nokkrum þeirra auk þess að taka þátt í verkefni á vegum NordForsk um umfjöllun um rannsóknir og þróun í dagblöðum.

NORIA-Net – lifandi nýjungasamfélag (Living lab)

Lilan er verkefni um svo kallað Living lab, en um er að ræða aðferð við að virkja notendur í nýsköpunarstarfi fyrirtækja og stofnana. Verkefnið var unnið í samstarfi við Önnu Maríu Pétursdóttur sérfræðing hjá Háskólanum í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2009 með því að sett verði á stofn áætlun til styrktar verkefnum á sviði notendastýrðrar nýsköpunar þar sem Living lab aðferðin verður notuð.

NORIA-Net – birtingar og tilvitnanir

Rannís tekur þátt í þróun aðferða við birtingu á upplýsingum sem byggja á greinaskrifum norrænna vísindamanna í ritrýndum tímaritum á vegum fyrirtækisins Thomson ISI, sem nú er orðinn hluti af Reuters samsteypunni. Upplýsingarnar eru taldar einna bestu heimildir sem hægt er að fá um virkni rannsókna.

NORIA-net Asia

Norðurlöndin öll sameinuðust um að taka þátt í verkefni sem hefur að markmiði að kanna samstarf um einingu til aðstoðar við nýsköpun í Asíu, sérstaklega í Kína og á Indlandi. Þess er vænst að hópurinn skili niðurstöðum sem kunna að leiða til tillagna um samstarf á þessu sviði. Asía er mjög áhugverður samstarfsaðili um nýsköpun séð frá sjónarhorni Norðurlanda, sem eru mjög framarlega á þessu sviði í heiminum.

Almenn umræða um rannsóknir og þróun í dagblöðum

NordForsk óskaði eftir því að aðilar frá öllum Norðurlöndunum tækju þátt í verkefni um innihaldsgreiningu á dagblöðum hvað varðar greinar af ýmsu tagi um rannsóknir og þróun. Fyrstu vísbendingar eru mjög áhugaverðar og gefa til kynna að allmikil umfjöllun hafi verið um þessi mál í dagblöðum. Niðurstöður eru líklegar fyrir sumarið 2009.

Verkefni á vegum Norrænu Nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICe)

Nokkur verkefni voru unnin á vegum NICe árið 2008. Verkefni sem tengjast mælikvörðum um rannsóknir, þróun og nýsköpun voru mjög áberandi.

NIND – Innocate (Nordic Innovation Indicators)

Markmið verkefnisins er að kynna mikilvægar vísbendingar fyrir nýsköpun og rannsóknir hvað varðar undirbúning að stefnumótun. Áhersla var lögð á að útskýra þýðingu þessara vísbendinga og að koma með skýringar á tengslum á milli nýsköpunar og hagvaxtar.

Ignored (Innovation and Growth in the Nordic Economies)

Markmið með Ignored verkefninu er að skoða tengslin á milli nýsköpunar og framleiðnivaxtar á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum. Til þess eru notuð gögn um einstök fyrirtæki en það er nýlunda í alþjóðasamstarfi.

Verkefninu er skipt í fjóra hluta:

- að greina vísbendingar nýsköpunar sem varða þessi mál
- hönnun og gerð líkans fyrir rannsóknir á stefnumiðum
- mat á áhrifum nýsköpunar á framleiðni
- túlkun og notkun á niðurstöðum til kynningar fyrir stefnumótandi aðila

ServInno (Service Innovation in the Nordic Countries)

Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýsköpun eigi sér stað í þjónustugeiranum á sama hátt og í þeim geira atvinnulífsins þar sem framleiðsla fer fram. Þrátt fyrir þetta er skilningur á nýsköpun og mikilvægi stefnumótunar í nýsköpun byggð á forsendum framleiðslu. Í verkefninu verður skoðað ferli nýsköpunar í þjónustugeiranum með það fyrir augum að auka skilning á ferlinu.

Notendastýrð nýsköpun (User Driven Innovation – UDI)

Verkefni þetta er á vegum NICe en er til komið þannig að FORA í Danmörku, sem er greiningardeild iðnaðarráðuneytisins þar, var beðin um að vinna ákveðna forvinnu sem skýrir hvernig fyrirtæki vinna með notendum um þróun nýsköpunar. NICe taldi mikilvægt að fara í þessa rannsókn þar sem eiginleikar nýsköpunar eru sífellt að breytast og að borin hafa verið kennsl á mikilvægi þess að notendur nýsköpunar komi að málum sem fyrst.

NordTrend

Nýsköpunarmiðstöð Norðurlanda lagði grunninn að NordTrend-verkefninu sem hefur að markmiði að athuga nýsköpunarvirkni á Norðurlöndum. Þekkt er að upplýsingar um nýsköpun og tengsl nýsköpunarstarfs við stefnumótun eru af skorum skammti. Norðurlöndin hafa getið sér gott orð fyrir þróun aðferða á þessu sviði. Starfsemi NordTrend er í burðarliðnum en byggir á norrænu samstarfi innan 7. rannsóknáætlunar ESB. Ráðstefna verður haldin í Reykjavík vorið 2009.

Norrænn framsýnivettvangur

NICe fór fram á það við Rannsóknastofnunina í Risö í Danmörku að setja saman samstarfshóp um framsýni á vettvangi rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Verkefni um þetta sama mál lauk með ráðstefnu í Kaupmannhöfn á árinu. Framsýnivettvangurinn hefur ekki fundað síðan en gert var ráð fyrir að samstarfshópurinn hittist a.m.k. árlega og ræði möguleika á hagnýtingu á framsýniaðferðinni. Þess má geta að öll Norðurlöndin hafa farið í gegnum framsýniverkefni og í kom Vísinda- og tækniráð slíku starfi af stað árið 2007. Það hefur leitt til þess að ráðið kom fram með val á átta áherslusviðum í ályktun sinni frá desember 2007.

Annað norrænt samstarf

Nordic Benchmarking Forum

Á liðnum árum hafa Noregur, Svíþjóð og Danmörk unnið að samanburði á nýsköpunarmálum í löndunum undir heitinu Nordic Benchmarking Forum. Á árinu 2008 var Rannís boðin aðild að samstarfinu fyrir hönd Íslands. Á sama tíma var DSTI í Danmörku boðin aðild. Því eru Norðurlöndin fimm nú farin að vinna saman að því að bera saman nýsköpunarstarfsemi og forendur.

NORBAL gagnagrunnur um handhafa doktorsgráðu á Norðurlöndum

Greiningarstofan NIFU-STEP í Noregi rekur gagnagrunni NORBAL en norrænar stofnanir greiða fyrir rekstur hans. Í grunninum, sem hefur verið rekinn í nokkur ár, er að finna upplýsingar um fjölda fólks í doktorsnámi eftir kyni, landi og fagsviði. Nýlega var einnig farið að afla sambærilegra upplýsinga frá Eystrasaltslöndunum.

Annað alþjóðasamstarf á greiningarsviði

OECD – NESTI/TIP

Greiningarsvið Rannís tekur þátt í tveimur samstarfshópum hjá OECD. Það eru NESTI (National Experts on Science and Technology Indicators) og TIP (Technology Innovation Policy). Þessir hópar hittast árlega og eru jafnan fyrstir með nýjungar varðandi mælikvarða og vísbendinga um rannsóknir, þróun og nýsköpun og um rannsóknir á stefnumiðum nýsköpunar. Á vegum þessara tveggja samstarfshópa eru síðan undirhópar sem vinna úr skilgreindum verkefnum þegar óskað er eftir. Dæmi um þetta er sérfræðingahópur um tölfræði rannsókna í líftækni, sérfræðingahópur um endurnýjun handbóka um tölfræði og sérfræðingahópar um rannsóknir á stefnumiðum (policy mix) í ýmsum aðildarríkjum.

OMC net (Open Method of Coordination)

Rannís tók þátt í tveimur umsóknum um verkefni í OMC net þar sem rannsóknir á stefnumiðum nýsköpunar og samstarf opinberra aðila og fyrirtækja eru í brennidepli. Önnur rannsókn, n sem er undir stjórn belgískra aðila, er um áhrif af opinberum fjárstuðningi við rannsóknir og þróun. Hin er undir stjórn Maltverja og fjallar um forsendur til nýsköpunar og mælingar á nýsköpun í smærri ríkjum. Verkefnin voru samþykkt á árinu 2008 og hefjast um vorið 2009.

TAFTIE (The Association for Technology Implementation in Europe)

TAFTIE er samstarfsnet leiðandi nýsköpunar- og rannsóknamiðstöðva í Evrópu. Þátttakendur hafa jafnan umsjón með sjóðum sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun. Markmiðið er að styrkja efnahagslega stöðu Evrópu með því að aðstoða við að koma á áætlunum á þessum sviðum. Í stjórn TAFTIE hefur forstöðumaður Rannís átt sæti en sviðsstjóri greiningarsviðs hefur setið í vinnuhópi.

IPEG (Innovation Policy Expert Group)

Stjórnarskrifstofa iðnaðar og atvinnulífs í Evrópusambandinu hefur skipað fulltrúa frá Rannís í vinnuhóp um rannsóknir á sviði stefnumiða nýsköpunar. Hópurinn hefur áhrif á gerð samanburðartölfræði sem ESB gefur út undir nafninu European Innovation Survey. Hópurinn hefur einnig unnið að gerð landaskýrslna um nýsköpun í aðildarríkjum ESB og tengdum löndum.

Eurostat – sérfræðingahópur um tölfræði rannsókna, þróunar og nýsköpunar

Fulltrúi greiningarsviðs Rannís hefur setið í sérfræðingahópi Eurostat, sem er hagstofa ESB, um árabil. Hlutverk hópsins er að ræða aðferðafræði varðandi tölfræði rannsókna, þróunar og

nýsköpunar. Mikið samstarf er við NESTI hóp OECD en skörun er ekki mikil þar sem Eurostat sér nú um tölfræðivinnslu og þróun eyðublaða á meðan NESTI sér um almenna þróun mælikvarða og hugmyndafræði tölfræði rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Inno-Net BSR

Rannís, auk fleiri aðila í umhverfi nýsköpunar á Íslandi, tekur þátt í Evrópuverkefninu Inno-Net BSR. Um er að ræða verkefni sem beinist að því að koma á fót stórum nýsköpunarverkefnum á BSR svæðinu (Baltic Sea Region) með áherslu á starfsemi fjölþjóðaklasa. Hlutverk Rannís er að vinna í þeim hópi sem sér um greiningarmál varðandi klasa. Verkefninu lýkur í september 2009 með því að hleypt verður af stokkunum áætlun um nýsköpun sem mun byggja á þeirri reynslu sem hefur orðið til í BSR netinu.

ERA-Net

Þótt Rannís hafi tekið þátt í allnokkrum ERA-netum á árinu hefur greiningarsvið Rannís aðallega tekið þátt í undirbúningi að ERA-netum. Meðal þeirra umsókna sem greiningarsvið hefur tekið þátt í er ReVision, sem er framhald ERA-netsins Vision, sem fjallar um greiningarmál á sviði nýsköpunar. Önnur umsókn sem sviðið hefur unnið með á uppruna sinn hjá NordForsk og fjallar um áhrif af opinberum stuðningi við rannsóknir, þróun og nýsköpun í Evrópu. Gert er ráð fyrir að starfsem beggja þessara ERA-neta hefjist í árslok 2009.

CDH (Carreer of Doctorate Holders)

OECD og Eurostat stofnuðu í sameiningu til samstarfs um stöðu og horfur fólks með doktorsmenntun í aðildarríkjunum. Ísland tók þátt í verkefninu og fólst þátttakan m.a. í að afla upplýsinga um alla einstaklinga á Íslandi sem hafa doktorsgráðu. Til þessar gagnaöflunar var leitað samstarfs við Þjóðarbókhöfðu og Rannsóknastofu í kvennafræðum en þessir aðilar bjuggu yfir miklum upplýsingum. Fyrstu niðurstöður verkefnisins hafa verið birtar og gefa ágætisupplýsingar um hagi doktorsmenntaðra. Þá var gerð könnun meðal u.þ.b. 700 einstaklinga á Íslandi og þeim sendur spurningalisti. Birtar hafa verið upplýsingar úr þessari könnun á vegum OECD og Eurostat. Reiknað er með að næsta mæling fari fram á árinu 2010.

Þátttaka í innlendum verkefnum

Þótt þátttaka í erlendum verkefnum sé mikilvæg bæði til að læra aðferðir og gera samanburð á milli landam er þátttaka í innlendum verkefnum ekki síður mikilvæg. Rannís tók þátt í nokkrum verkefnum sem tengjast bæði greiningu á tölfræði og framþróun á umhverfi og forsendum fyrir rannsóknum, þróun og nýsköpun.

Heilsa og hagsæld í nýsköpun

Menntamálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið unnu saman að verkefninu Heilsa og hagsæld í nýsköpun á árinu. Verkefninu lýkur um vorið 2009. Aflað var upplýsinga frá aðilum í heilbrigðisgeiranum um forsendur, stöðu og horfur í nýsköpun í heilbrigðisgeiranum og hvaða sóknarmöguleikar eru þar fyrir hendi. Rannís tók þátt í að mæla birtingar og tilvitnir í ritrýnd tímarit og tók þátt í könnun meðal fyrirtækja, stofnana og sérfræðinga í heilbrigðisgeiranum.

Innviðir rannsókna og þróunar

Menntamálaráðuneytið skipaði tvær nefndir til að fjalla um innviði rannsókna og þróunar. Fyrri nefndin skoðaði rannsóknagagnagrunna á Íslandi á nokkrum sviðum rannsókna en hin síðari hafði það hlutverk að skrifa vegvísi um innviði, en flest ríki innan EES hafa lagt fram slíkan vegvísi. Rannís átti fulltrúa í báðum þessum nefndum og sá m.a. um að safna upplýsingum um gagnagrunna. Vinna við gerð vegvísisins fól m.a. í sér könnun meðal ýmissa hópa innan vísindasamfélagsins um áherslur á sviði rannsókna og þróunar fram til 2020.

Vísinda- og tækniráð

Vísinda- og tækniráð ályktaði á vorkundi um bættar áherslur í skipulagi vísinda- og tæknimála og um gerð vegvísis um uppbyggingu innviða til rannsókna hér á landi og ítrekaði fyrri ályktun um öndvegissetur og rannsóknaklasa. Ráðið starfar í tveimur nefndum, vísindanefnd og tækninefnd. Vísindanefnd fundaði tíu sinnum á árinu, tækninefnd sjö sinnum og sameiginlegir fundir nefndanna voru tólf.

Vísinda og tækniráð auglýsti í apríl eftir hugmyndum að öndvegissetrum og rannsóknaklösum í samræmi við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá desember 2007 þar sem bent er á svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. Markáætluninni er ætlað að efla vísinda- og tæknirannsóknir, hvetja til árangursríkrar samvinnu milli ólíkra aðila innanlands og í alþjóðlegu samhengi og ýta undir verðmætasköpun og fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu. Rannsóknaklasinn eða öndvegissetrið á að hafa möguleika til að verða framúrskarandi í alþjóðlegu samhengi.

Vísinda- og tækniráð sér sérstök tækifæri í að:

- efla rannsóknir á menntun og kennslu til að þróa menntakerfið svo að það standi betur undir sívaxandi kröfum um þekkingu, virkni, sköpunarkraft, frumkvæði og sveigjanleika
- gera nýsköpunarstarfsemi að álitlegum fjárfestingarkosti og hvetja innlenda og erlenda fjárfesta og samkeppnissjóði til að veita sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum öflugan stuðning
- efla rannsóknir á íslenskum menningararfi, handrita- og bókmenningu, tungu og samtíma-menningu, samhliða þeirri áherslu sem nú er lögð á útrás og alþjóðlega ímynd landsins
- efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsu-vernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu, lyfjatækni og þróun matvæla
- efla rannsóknir á auðlindum lands og sjávar og hvernig nýta megi náttúrulegar auðlindir betur með sjálfbærum hætti
- efla rannsóknir á líklegum og afdrifaríkum breytingum loftslags, láðs og lagar með öflugri þátttöku atvinnulífs og fræðimanna úr fjölmörgum greinum
- efla rannsóknir sem snúa að innviðum íslensks samfélags, sérstöðu þess og séreinkennum
- efla skapandi greinar þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi, afþreying og fjárfestar mætast og ný starfsemi sprettur fram.

Mánudaginn 14. apríl stóðu Rannís og Impra fyrir kynningu á markáætluninni á Hótel Sögu. Um hundrað manns mættu á kynninguna. Eftir kynningu Hallgríms Jónassonar forstöðumanns Rannís og Eiríks Smára Sigurðarsonar sviðsstjóra Rannís voru umræður og fyrirspurnir.

Alls bárust 82 hugmyndir þegar umsóknarfresturinn rann út þann 13. maí. Flestar þeirra voru á heilbrigðissviði eða þrjátíu. Tólf hugmyndir bárust á sviði náttúruauðlinda og aðrar tólf á sviði innviða samfélagsins en færri hugmyndir bárust á öðrum sviðum. Sumar hugmyndanna náðu yfir fleiri en eitt svið. Starfshópur á vegum Vísinda- og tækniráðs valdi tíu hugmyndir og tók mið af stefnu ráðsins og þeim viðmiðunum sem nefnd eru í lýsingu á markáætluninni. Lokaniðurstaða var kynnt á sameiginlegum fundi vísindanefndar og tækninefndar 24. júní og hlutu þrjú verkefni styrk.

Viðburðir og útgáfur

Kynning á úthlutun Rannsóknasjóðs

Rannsóknasjóður kynnti úthlutun ársins á fundi í Þjóðmenningarhúsinu 14. febrúar. Guðrún Nordal formaður stjórnar gerði grein fyrir kennitölum sjóðsins. Styrkþegarnir Erpur Snær Hansen, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Stefán Ólafsson, Elín Soffía Ólafsdóttir og Yngvi Björnsson kynntu verkefni sín. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra ávarpaði fundinn.

Nýsköpunarþing - Nýsköpunarverðlaun

Í samstarfi við Útflutningsráð og Nýsköpunarmiðstöð var efnt til árlegs Nýsköpunarþings 28. febrúar á Grand Hótel. Yfirskrift þingsins var Notendastýrð nýsköpun. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra setti þingið. Frummælendur voru Cornelius Herstatt og Ása Guðlaug Lúðvíksdóttir. Á þinginu voru afhent Nýsköpunarverðlaun Rannís, Útflutningsráðs og Nýsköpunarmiðstöðvar og komu þau í hlut ORF-líftækni.

Rannsóknþing

Rannsóknþing var haldið á Grand hótél 27. maí. Yfirskrift þingsins var Rannsóknir í fyrirtækjum. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti þingið. Meðal frummælenda voru Guðrún Nordal, Kristján Leósson, Björn Örvar, Vilborg Einarsdóttir og Tryggvi Þór Herbertsson.

Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs hlaut Ari Kristinn Jónsson tölvunarfræðingur og deildarforseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Verðlaunin afhenti forsætisráðherra, Geir H. Haarde á Rannsóknþingi.

Haustþing

Haustþing Rannís var haldið 11. nóvember á Grand Hótel undir fyrirsögninni Tækifæri í rannsóknum og nýsköpun: Þekkingarþríhyrningurinn á þröskuldi nýrra tíma. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setti þingið. Frummælendur voru Bernhard Pálsson, Kári Stefánsson, Sjöfn Sigurgísladóttir, Edda Lilja Sveinsdóttir, Guðmundur Hálfðánarson og Eggert Claessen.

Rannísblaðið

Eitt tölublað af Rannísblaðinu var gefið út, í mars.

Vísindavaka

Vísindavaka Rannís var haldin föstudaginn 26. september í Listasafni Reykjavíkur. Um 2000 gestir sóttu Vísindavökuna til að hitta vísindamenn og kynnst viðfangsefnum þeirra. Við opnunina voru afhent verðlaun í teiknisamkeppni barna og ljósmyndasamkeppni unga fólksins þar sem efnið var „Vísindin í daglegu lífi“, auk þess sem viðurkenning Rannís fyrir framlag til vísindamiðlunar var veitt og hlaut Örnólfur Thorlacius viðurkenninguna.

Vísindamaður að láni

Vísindamaður að láni er skólum að kostnaðarlausu og er hugsað til að örva áhuga grunnskólanemenda á náttúrufræðigreinum. Rannís hefur haft forgöngu um að safna tilboðum hjá rannsóknastofnunum og miðla til skóla. Níu vísindamenn frá fimm stofnunum fóru í 47 heimsóknir í grunnskóla.

Rannsóknamiðstöð Íslands

Ársreikningur 2008

Rannsóknamiðstöð Íslands
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
kt. 531094-2129

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og samkvæmt verkefnasamningi milli menntamálaráðuneytis og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

Rannís vinnur að eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Verkefnum Rannís má skipta á eftirtalin svið:

- Umsýsla fyrir sjóði.
- Hagtölur, greining og mat.
- Alþjóðlegt samstarf.
- Kynningarmál.


Skrifstofa Rannís sér um framkvæmd úthlutana og eftirlit með styrkjum úr eftirfarandi sjóðum á árinu 2008:

